

*Opnun Fjölmenningsseturs*

*Átak vegna leiguíbúða*

*Móttaka flóttamanna*

*Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar*

*Endurskoðun á jöfnunarsjóði*

## Nýtt sambýli í Grindavík

- átak í húsnæðismálum fatlaðra

Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, opnaði nýtt sambýli að Túngötu 15-17 í Grindavík þann 1. ágúst sl. Sambýlið sem er tvö samliggjandi hús skiptist þannig að í öðru húsinu eru þrjár íbúðir þar sem íbúar munu njóta félagslegrar heimaþjónustu. Í hinu húsinu verða 3 einstaklingar vistaðir á sambýli. Í millibyggingu er sameiginlegt þjónusturými. Grindavíkurbær er eigandi húsnæðisins og hefur gert



Einar Njálsson, bæjarstjóri í Grindavík, afhendir Guðrínu Ingu Bragadóttur, forstöðukonu sambýlisins, gjöf í tilefni af opnuninni.

hlutafélag í kringum rekstur þess, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi greiðir svo leigu fyrir húsnæðið.

Eins og kunnugt er þá hefur félagsmálaráðuneytið og Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands hafið átak í byggingu sambýla fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Eins og fram kom í viljayfirlýsingu sem Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, og Helgi Hjörvar, formaður stjórnar Hússjóðsins, undirrituðu 2. desember sl. er markmið samstarfsins að þörfinni fyrir sambýli verði mætt á næstu fimm árum á höfuðborgarsvæðinu.

Hússjóður Öryrkjabandalagsins sér nú um fjármögnun og umsjón með byggingu á sambýlum og félagsmálaráðuneytið leigir svo húsnæðið af Hússjóðnum. Í Reykjavík hafa 14 ný rými verið tekin í notkun á árinu. Í október er gert ráð fyrir að taka sambýli við Sólheima í notkun, íbúar við Holtaveg munu flytjast þangað en í framtíðinni er stefnt að skammtí mavistun á Holtaveginum.

Á Reykjanesi er stefnt að því að sambýlið Smárahvammi verði tekið í notkun á árinu, þar munu verða 5 rými. Stefnt er að því að taka sambýlið við Blikaás í Hafnarfirði í notkun á þessu ári og þar munu vistast 6 einstaklingar. Einnig er stefnt að nýju sambýli í lok þessa árs í Reykjavík sem mun vista 5 einstaklinga. Samtals er aukningin á þessu fyrsta ári átaksins 36 rými.



# Reikningssskila- og upplýsinganefnd

Reikningssskila- og upplýsinganefndin var skipuð af félagsmálaráðherra þann 27. febrúar sl. á grundvelli reglugerðar nr. 944/2000. Nefndina skipa Gunnlaugur Júlíusson, deildarstjóri, Óskar Óskarsson, borgarbókari, Lárus Finnbogason, lögg. endurskoðandi, og Garðar Jónsson, viðskiptafræðingur, sem er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum upplýsingum þeirra eftir því sem ráðuneytið ákveður. Henni er einnig ætlað að semja reglur

um þau atriði reikningssskila sveitarfélaga sem eru sérstök fyrir þau.

Samkvæmt tillögu reikningssskila- og upplýsinganefndar hefur félagsmálaráðherra sett reglur um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Reglurnar voru undirritaðar af ráðherra þann 31. maí sl. og birtar í kjölfarið með auglýsingu nr. 414/2001 í Stjórnartíðindum.

Hér er um að ræða nánari reglur um flokkun fjárhagslegra upplýsinga hjá sveitarfélögum sem settar eru á

grundvelli 18. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við reglur þessar, eigi síðar en frá og með rekstrarárinu 2002 og við gerð fjárhagsáætlunar fyrir sömu ár.

Frá reikningssskila- og upplýsinganefndinni er að vænta frekari reglna um framsetningu ársreikninga ásamt leiðbeiningum um færslur í bókhaldi sveitarfélaga.

## Reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Þann 25. nóvember 1998 skipaði félagsmálaráðherra eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Nefndina skipa: Húnbogi Þorsteinson, skrifstofustjóri, formaður, Rúnar Bj. Jóhannsson, rekstrarhagfræðingur og löggiltur endurskoðandi, og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Samkvæmt 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðherra sett reglugerð, nr. 374/2001, um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Reglugerðin hefur verið sett í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og var undirritað af ráðherra þann 3. maí sl.

Reglugerðin fjallar um mat á

fjárhagsstöðu sveitarfélaga, fjármálalegt eftirlit og málsmeðferð eftirlitsnefndar. Í reglugerðinni eru þær lykil-tölur sem nefndinni er ætlað að reikna út og bera saman við viðmið sem árlega verða sett í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þannig hefur verið skapaður mikilvægur grundvöllur fyrir starf eftirlitsnefndarinnar þar sem hlutverki hennar er lýst með ítarlegum hætti í reglugerðinni. Með setningu reglugerðarinnar skapast því enn betri möguleikar fyrir nefndina að sinna eftirlitshlutverki sínu, gera athuganir á þróun fjármála sveitarfélaga og að bregðast við komist sveitarfélag í fjárþröng.

Eitt af mikilvægustu ákvæðum reglugerðarinnar lýtur að heimild eftirlitsnefndarinnar til að gera samning við sveitarstjórn um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni sem leitt getur til lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélags. Slíka heimild getur nefndin nýtt sér m.a. í þeim tilvikum þegar fjárhagsstaða sveitarfélags er það slæm að mati eftirlitsnefndarinnar að sveitarfélagið hafi ekki burði til að leysa vandann á eigin spýtur.

Hægt er að nálgast reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins [www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is)

# Sameining Blönduósbæjar og Engihlíðarhrepps samþykkt

Þann 7. apríl sl. fóru fram kosningar um sameiningu tveggja sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósbæjar og Engihlíðarhrepps. Sameiningin var samþykkt í báðum sveitarfélögum og er stefnt að því að hún fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum í maí 2002.



Frá Blönduósi

## Nýtt sveitarfélag, Hörgárbyggð

Þann 1. janúar 2001 sameinuðust þrjú sveitarfélög í Eyjafirði, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur og Glæsi-bæjarhreppur. Kosning um sameininguna fór fram þann 3. júní árið 2000 og var samþykkt að sameiningin gengi í garð þann 1. janúar 2001.

Hið nýja sameinaða sveitarfélag hefur hlotið nafnið

Hörgárbyggð og eru íbúar hins sameinaða sveitarfélags um 380 talsins, þar af eru 79 úr Skriðuhreppi, 44 úr Öxnadalshreppi og 257 úr Glæsi-bæjarhreppi.

## Sameining felld í Rangárvallasýslu

Þann 31. mars sl. var kosið um sameiningu allra sveitarfélaga í Rangárvallasýslu í eitt sveitarfélag. Alls var um að ræða tíu sveitarfélög. Sameining var

samþykkt í sex sveitarfélögum af tíu. Þau sveitarfélög sem voru samþykkt sameiningunni voru Austur-Eyjafjallahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Hvolhreppur og Rangárvallarhreppur. Þau sveitarfélög sem lögðust gegn sameiningu voru Vestur-Eyjafjallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur og Djúparhreppur.

## Nefndir um sameiningu sveitarfélaga

Félagsmálaráðherra hefur skipað tvær nefndir sem gegna því hlutverki að koma með tillögur um sameiningu Vindhælishrepps annars vegar og Þingvallahrepps hins vegar við annað eða önnur sveitarfélög.

Með skipuninni var stuðst við 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, en þar segir að ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 50 í þrjú ár samfleytt skuli ráðuneytið hlutast til um sameiningu þess.

Samkvæmt 89. gr. sömu laga skal ráðuneytið skipa nefnd sem í sitja tveir einstaklingar

samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar þess sveitarfélags sem um ræðir og aðrir tveir samkvæmt tilnefningu viðkomandi landshlutasamtaka. Þá skipar ráðuneytið formann án tilnefningar.

Í nefnd um sameiningu Vindhælishrepps voru skipuð af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þau Elín Línal og Björn Magnússon og samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar Vindhælishrepps þeir Jakob Guðmundsson og Bragi Kárason. Formaður nefndarinnar er Hermann Sæmundsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Í nefnd um sameiningu Þingvallahrepps voru Aldís Hafsteinsdóttir og Sveinn A. Sæland tilnefnd af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Ragnar Jónsson og Halldór Kristjánsson af sveitarstjórn Þingvallahrepps. Þá var Hermann Sæmundsson einnig skipaður formaður þessarar nefndar.

Lögð hefur verið áhersla á að sameining sveitarfélaganna tveggja við nágrannasveitarfélög geti átt sér stað eigi síðar en við næstu sveitarstjórnarkosningar sem haldnar verða á árinu 2002.

# Fjölmenningarset

Þann 30. júlí síðastliðinn opnaði Páll Pétursson félagsmálaráðherra Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum. Fjölmenningarsetrið, sem er til húsa í Þróunarsetri Vestfjarða, Árnagötu 2 á Ísafirði, er tilraunaverkefni til þriggja ára á vegum félagsmálaráðuneytisins. Stofnunin hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi.



Fjöldi manns var viðstaddur opnunina

Við opnunina færði Hörður Högnason, formaður Ísafjarðardeildar Rauða kross Íslands, félagsmálaráðherra eina milljón króna sem renna á óskipt til Fjölmenningarsetursins. Var framlagið gjöf frá öllum deildum Rauða krossins á norðanverðum Vestfjörðum.




Vadim Fedorov spilar á harmonikku

Elsa Arnardóttir hefur verið ráðin til að veita Fjölmenningarsetrinu forstöðu. Hún er fædd á Stöðvarfirði 1961. Hún flutti síðan til Vestmannaeyja og átti heima þar fram að gosinu 1973. Fór sem skiptinemi með AUS, Alþjóðlegum Ungmennaskiptum, 1984 til Mexíkó, lauk stúdentsprófi frá Öldungadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti 1986 og hefur lagt stund á heimspeki og mannfræði við Háskóla Íslands og mun útskrifast þaðan í haust.

Að sögn Elsu kom hugmyndin að stofnun Fjölmenningarsetursins upphaflega frá heimamönnum sjálfum, hópi áhuga-fólks um menningarlega fjölbreytni á Vestfjörðum. Í kjölfar þingsályktunar var opnun stofnunarinnar undirbúin af hálfu félagsmálaráðuneytisins, í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Elsa bendir á að fólki af erlend-um uppruna sem sest hefur að á Íslandi hafi fjölgað mikið síðustu ár og að allt stefni í að sú þróun haldi áfram. „Brýnt er að fólk þekki réttindi sín og

skyldur í nýja landinu og er það eitt af mikilvægustu verkefnum stofnunarinnar. Staða útlendinga í íslensku samfélagi er nefnilega jafnréttismál sem kemur okkur öllum við. Að hafa annan menningarlega bakgrunn eða takmarkaða kunnáttu í íslensku má ekki verða til þess að koma í veg fyrir að einstaklingarnir dafni og samfélagið fái notið hæfileika þeirra og þekkingar“, sagði Elsa.



Merki Fjölmenningarhússins

Jafnframt voru tilkynnt úrslit í hönnunarkeppni um merki Fjölmenningarsetursins. Margar tillögur bárust en sú tillaga sem varð fyrir valinu var hönnuð af Kayoko Asakawa, sem er búsett á Bolungarvík. Í máli félagsmálaráðherra

# ur á Vestfjörðum



Inga Dan formáður Róta

kom fram að það væri ánægjulegt og ætti vel við að í þessari samkeppni hefði einstaklingur af erlendum uppruna ekki einungis staðið íslenskum keppinautum sínum á sporði heldur meira en það og unnið þessa samkeppni. Þá fékk Fjölmenningssetrið styrk upp á tvær og hálf milljón króna frá Starfsmenntaráði til að útbúa upplýsingavef um íslenskt samfélag fyrir útlendinga.



Páll Pétursson og Elsa Arnardóttir. Elsa tekur við framlagi Rauða kross deilda, Hörður Högnason formáður Ísafjarðardeildar Rauða kross Íslands stendur á bak við.

## Málaflokkur fatlaðra

Ekki verður af yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga hinn 1. janúar 2002 eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi sem félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi. Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga lagðist gegn samþykkt frumvarpsins á vorþingi 2001 og töldu sveitarstjórnarmenn sig þurfa meiri tíma til að undirbúa yfirtöku á málaflokknum. Þetta á sérstaklega við um stærstu sveitarfélögin, en um

árábil hafa verið í gildi þjónustusamningar við sveitarfélög og byggðasamlög sem hafa yfirtekið málaflokkinn. Í þeim hópi eru ýmis minni sveitarfélög og t.d. Akureyri. Ríkisstjórnin ákvað að draga frumvörp um yfirfærslu til baka úr þinginu og hverfa frá yfirfærslunni. Óski þau sveitarfélög eða byggðasamlög sem þegar hafa tekið við málaflokknum að sinna honum áfram, stendur þeim til boða framlenging þjónustusamninga.

## Gestir frá Grænlandi

Félagsmálaráðuneytið fékk góða gesti frá Grænlandi í heimsókn þann 20. ágúst sl. Þar voru á ferð fimm fulltrúar

félagsmálanefndar grænlandska þingsins. Þau voru hér í nokkurra daga heimsókn og komu við í félagsmálaráðu-

neytinu til að fræðast um starfsemi ráðuneytisins og helstu áherslur.



Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri tók á móti gestunum ásamt Inga Val Jóhannssyni og Ingibjörgu Broddadóttur. Einnig fóru þau í ýmsar heimsóknir, m.a. á Barnaverndarstofu og Svæðis- skrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Síðan lá leiðin til Akureyrar þar sem þau hittu forsvarsmenn bæjarins.

# Átak í byggingu leiguíbúða

Á síðastliðnum árum hefur eftirspurn aukist eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og ýmsum vaxtarsvæðum. Þeim umsóknum sem Íbúðalánasjóður hefur fengið frá sveitarfélögum og öðrum félagasamtökum til bygginga og kaupa á félagslegu leiguhúsnæði hefur nær öllum verið svarað jákvætt. Þrátt fyrir það og verulega aukningu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga er mikil þörf fyrir fleiri leiguíbúðir og brýnt að fá fleiri aðila til að stuðla að auknu framboði þeirra.

Ástæða þessarar auknu eftirspurnar er m.a. sú að aðflutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins, bæði frá landsbyggðinni og útlöndum, er langt umfram áætlanir. Fleiri þættir koma hér til, svo sem breyttar forsendur vegna lengri skólagöngu og hreyfanlegri vinnumarkaður, sem kalla á eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Breytt gildismat og

breytingar á fjölskyldunni hafa einnig áhrif á eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóður hefur aukið verulega lánveitingar til leiguíbúða og eru lánsheimildir á þessu ári vegna 500 íbúða.

Félagsmálaráðherra hefur lagt til að gert verði sérstakt átak til auka framboð húsnæðis. Í því skyni hefur félagsmálaráðuneytið leitað til Lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóðs, Búseta og sveitarfélaga. Viðbrögð hafa verið afar jákvæð og hefur verið skrifað undir meðfylgjandi viljayfirlýsingu ásamt Íbúðalánasjóði og Landsamtökum Lífeyrissjóða um sérstakt átak í byggingu leiguíbúða næstu fjögur árin. Unnið verður samkvæmt rammasamkomulagi um eftirfarandi:

\* Að byggðar verði 600 leiguíbúðir næstu fjögur árin til viðbótar almennum heimildum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða.

\* Sveitarfélög útvegi lóðir undir leiguíbúðir.

\* Stefnt að því að byggja hagkvæmar íbúðir og lögð áhersla á aðgerðir til að lækka byggingarkostnað.

\* Áhersla lögð á að auka framboð minni íbúða.

\* Lífeyrissjóðir fjármagni þetta sérstaka átak í samstarfi við Íbúðalánasjóð. Jafnframt hefur félagsmálaráðherra undirritað ásamt Landsamtökum Lífeyrissjóða, Búseta og Íbúðalánasjóði viljayfirlýsingu um undirbúning að rammasamkomulagi við Húsnæðissamvinnufélagið Búseta um byggingu og rekstur 300 leiguíbúða á næstu fjórum árum. Í framhaldi af undirritun viljayfirlýsingar hefur félagsmálaráðherra ritað Sambandi íslenskra sveitarfélaga og framkvæmdastjórnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu bréf þar sem óskað er eftir viðræðum við sveitarfélögin um samvinnu við að hrinda þessu átaki í framkvæmd með því að útvega hagkvæmar lóðir og veita aðstoð með stofnframlögum.

## Húsnæðissamvinnufélög

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd sem hefur það verkefni að vinna að heildarendurskoðun á lögum nr. 161/1998 um húsnæðissamvinnufélög. Nefndin skal skila niðurstöðum og tillögum eigi síðar en 1. september 2001. Í nefndina hafa verið skipaðir: Einar Jónsson, lögfræðingur, Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri, Sævar Sigurgeirsson, endurskoðandi, Guðfinna J. Guðmundsdóttir, lögfræðingur, og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Við minnum á heimasíðu okkar  
[www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is)

## Hækkun lána í húsbréfakerfinu

Félagsmálaráðherra hefur breytt reglugerð um húsbréf og húsbréfavíðskipti. Breytingarnar fela í sér hækkun hámarksláns vegna notaðra íbúða úr 6,4 m.kr. í 8,0 m.kr. og vegna nýrra íbúða úr 7,7 m.kr. í 9,0 m.kr. Jafnframt voru heimildir Íbúðalánasjóðs til veðflutninga rýmkaðar sem og heimildir til endurkaupa á íbúð. Þann 23. ágúst sl. lagði stjórn Íbúðalánasjóðs til, vegna breytinga á brunabótamati, að áfram verði miðað við 65% eða 70% af kaupverði íbúðar. Jafnframt að 29. gr. reglugerðar um húsbréf og húsbréfavíðskipti yrði breytt þannig að sá hluti matsverðs sem lánaður er skyldi rúmast innan 85% af brunabótamati íbúðar. Og þar af leiðandi gaf félagsmálaráðherra út reglugerð sem öðlaðist gildi þann 1. september sl.

# Breytingar á lögum um húsnæðismál

Frumvarp félagsmálaráðherra um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál voru samþykkt á Alþingi í maí síðastliðnum. Með breytingum þessum fær Íbúðalánasjóður fleiri úrræði til að leysa vanda fólks sem komið er í greiðsluvandræði vegna húsnæðislána. Nýtt úrræði er heimild til að lengja upphaflegan láns tíma um 15 ár. Einnig mun

lánstími lengjast ef um frýstingu lána er að ræða, þannig að greiðslubyrðin að þeim tíma loknum verður viðráðanlegri heldur en ella. Þá var verkefnið kærunefndar húsnæðismála rýmkað sem og heimildir Íbúðalánasjóðs til að afskrifa útistandandi veðkröfur þegar íbúð hefur eyðilagst af óviðráðanlegum ástæðum og eigandi hennar ekki fengið

bætur sem duga til uppgreiðslu á áhvílandi kröfum. Loks er ný heimild til sveitarfélaga að yfirtaka lán vegna félagslegra íbúða sem þau hafa innleyst og ákveða að leigja. Þetta þýðir að sveitarfélögin geta yfirtekið eldri lán sem hvíla á eignum á hagstæðum vöxtum.

## Móttaka flóttamanna

Þann 8. júní sl. komu 23 flóttamenn frá fyrrum Júgóslavíu hingað til lands. Flóttafólkið sem er frá Krajina héraði í Króatíu settist að í Reykjanesbæ. Reykjanesbær og Rauðakrossdeildin í sveitarfélaginu hafa undirbúið komu flóttafólksins og íslenskukennsla fyrir fjölskyldurnar er þegar hafin og mun standa yfir næstu mánuði. Er frá líður komunni til landsins mun fólkið smám saman hefja störf við sitt hæfi en sem stendur er unnið markvisst að því að koma hinu daglega lífi í eðlilegt horf.

Móttaka flóttafólks er hluti af markvissri stefnu sem félagsmálaráðuneytið hefur fylgt

varðandi móttöku á flóttamönnum. Tekið hefur verið á móti hópum flóttafólks frá fyrrum Júgóslavíu allt frá árinu 1996 og er fjöldi þeirra sem hingað hafa komið frá fyrrum Júgóslavíu 192 einstaklingar. Verkefnið hafa heppnast einstaklega vel og hefur meginhluti þeirra sem hingað hafa komið sest að hér á landi og aðlagast landi og þjóð vel. Sá árangur sem náðst hefur á síðastliðnum árum í móttöku flóttamanna hefur byggst á góðri samvinnu félagsmálaráðuneytisins, flóttamannaráðs, viðkomandi viðtökusveitarfélaga, Rauðakrossdeildanna í viðkomandi sveitarfélögum og Rauða kross Íslands.



Að loknu íslenskunámskeiði

## Breytingar á lögum um húsaleigubætur

Alþingi samþykkti í maí-mánuði síðastliðnum frumvarp félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um húsaleigubætur. Lögin fela í sér þrjár breytingar.

1. Opnuð er heimild til handa fótluðum sem búa á sambýlum að sækja um húsaleigubætur og einnig námsmönnum sem eru í námi á framhaldsskólastigi og leigja á

heimavist eða á námsgörðum.

2. Felld hefur verið niður skylda til að þinglýsa leigusamningum vegna leiguíbúða sem eru í eigu sveitarfélaga.

3. Dregið hefur verið úr áhrifum skyldleikatengsla og lögin færð til upprunalegs horfs. Nú á þetta einungis við ef skyldmenni leigusala búa í sama húsi.

### Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

12. árg. 1. tbl. september 2001

Ábyrgðarmaður: Berglind Ásgeirsdóttir

Ritstjóri: Birkir J. Jónsson

Prentvinnsla: Prenttækni

Útg. félagsmálaráðuneytið,

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,

150 Reykjavík

Netfang: birkir.jonsson@fel.stjr.is

# Nefnd sem endurskoða á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Félagsmálaráðherra skipaði þann 14. febrúar síðastliðinn nefnd sem endurskoða á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nefndinni er enn fremur ætlað að endurskoða reglugerðir sem byggðar eru á ákvæðum þessa kafla tekjustofnalaganna.

Formaður nefndarinnar er Magnús Stefánsson, alþingismaður, en aðrir sem sæti eiga í nefndinni eru Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingismaður, Gísli S. Einarsson, alþingismaður, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri, Valgarður Hilmarsson, oddviti, og Jóhann Sigurjónsson, bæjar-

stjóri. Starfsmenn nefndarinnar eru þau Elín Pálsdóttir, deildarstjóri, Hermann Sæmundsson, deildarstjóri, og Gunnlaugur Júlíusson, deildarstjóri.

## Stefnt að því að skila tillögum í haust

Nefndin hefur unnið markvisst að þessari endurskoðun og stefnir að því að skila tillögum sínum í haust. Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki í tekjustofnakerfi sveitarfélaga, sem hefur farið vaxandi hin síðari ár. Því þurfa breytingar á jöfnunarkerfinu og Jöfnunarsjóðnum í heild sinni að vera vel útfærðar og markvissar svo tryggt sé að jöfnunarkerfið falli sem best að þörf fyrir tekju- og útgjalda-jöfnun meðal sveitarfélaga.

Heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fór fram síðast árið 1995, en síðan hafa átt sér stað ýmsar breytingar á sveitarstjórnarkerfinu sem kalla á frekari endurskoðun á jöfnunarfyrirkomulaginu.

## Áhrif Jöfnunarsjóðs á sameiningu sveitarfélaga

Meðal þeirra umfjöllunarefna sem nefndin hefur sérstaklega tekið til skoðunar eru áhrif sameiningar sveitarfélaga á framlög Jöfnunarsjóðs. Nokkur dæmi um sameiningu sveitarfélaga hafa leitt í ljós að heildarframlög sjóðsins kunna að lækka nokkuð (jafnvel verulega) til hins sameinaða sveitarfélags miðað við framlög til sveitarfélaganna fyrir sameiningu.

## Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar á landsbyggðinni

Þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins þann 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæminu. Við starfinu tók Bjarnheiður Jóhannsdóttir og hefur hún gegnt þessu starfi sl. þrjú ár. Óhætt er að segja að árangur hennar sé markverður og í úttekt sem Bygðastofnun gerði á starfsemi jafnréttisráðgjafans er niðurstaðan sú að þessi starfsemi hafi skilað miklum árangri fyrir konur í kjördæminu.

Nú hefur verið ákveðið að færa verkefnið út og hefur stjórn

Bygðastofnunar samþykkt að taka þátt í þessu atvinnuverkefni að hálfu leyti á móti félagsmálaráðuneytinu. Um er að ræða samstarfsverkefni þessara aðila um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarf aðilanna gildir til ársins 2005 og munu ráðgjafarnir verða staðsettir á Blönduósi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Verður byggt á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra og mun því nýtast öðrum héruðum landsins til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið er sérstaklega brýnt því talið er að staða kvenna á vinnumarkaði hafi versnað hlutfallslega gagnvart körlum á landsbyggðinni.

Meginverkefni jafnréttisráðgjafans er að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa í viðkomandi

kjördæmum að átaki í fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur, vinna að eflingu þeirra sem sjálfstæðra atvinnurekenda og við uppbyggingu fyrirtækja þeirra. Að baki liggja upplýsingar um að á konur halli, hvað varðar ofangreind atriði. Sérstakt átak verður unnið til að bæta stöðu kvenna í dreifbýli til eigin atvinnureksturs eða samreksturs smárra eininga. Jafnframt verði samstarfs leitað við svæðisvinnumiðlanir og aðra aðila um átaksverkefni fyrir atvinnulausar konur í því skyni að byggja upp hæfni þeirra til þátttöku í atvinnulífinu. Komi til þess að á karla halli með tilliti til atvinnumála á einstökum stöðum á starfssvæðinu ber jafnréttisráðgjafanum að sinna þeim með samskonar aðgerðum og gagnvart konum.